

115/01 - Hafberg GK-67

Hafberg GK-67, skipverji slasast á fæti við netaveiðar

Hafberg GK-67

Skipaskr.nr.: 0067

Smíðaður: Flekkefjord Noregi 1962 Stál

Stærð: 189,00 brl; 229,00 bt

Lengd: 33,65 m **Breidd:** 6,70 m **Dýpt:** 5,85 m

Vél: Grenaa 662,00 kW **Ágerð:** 1991

Annað:

Földi skipverja:



Líðan Hafberg Hreiðarsson

Hafberg©Hafþór Hreiðarsson

Atvikalýsing

Þann 14. mars 2001 var m/s. Hafberg GK-377, að netaveiðun á Selvogsbanka.

Um kl. 09:45 þegar verið var að draga netin var einn skipverji við vinnu utan við netabúr aftur á skipinu. Verið var að leggja niður netin í búrið með netaniðurleggjara og stjórnædi hann verkinu. Við stjórnunina stóð hann upp á göngupalli, sem liggar meðfram netabúrinu og fyrir framan það. Skipverjinn fellur til og niður af pallinum, sem hann stóð á og lenti hægri fótur hans með utanverða rist á flatjárnini, sem stóð upp úr þilfarinu.

Við rannsókn kom fram

- að göngubrautin var um 30 sm. breið;
- að hún var í 70 til 90 sm hæð frá þilfari;
- að ekkert handrið er utan við pallana eingöngu var hægt að ná handfestu í netabúrið;
- að hinn slasaði taldi sig hafa fallið um járnstykki á pallinum;
- að tvö festieyru standa upp úr dekkinu utan við pallana, sem skapað geta hættu þegar stigið er út af þeim, nema gætt sé varkárni;
- að pallarnir voru blautir og háhir.

Nefndarálit

Nefndin ályktar ekki í málinu.